



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 112. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 14. október 2013 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.

Mætt: Bjarni Pálsson formaður, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Hildigunnur Thorsteinsson, Kristín Vala Matthíasdóttir og Magnús Ólafsson.

Boðuð forföll: Magnús Þór Jónsson.

Gestur fundarins undir lið 2: Halla Hrund Logadóttir, forstöðumaður Iceland School of Energy við Háskólann í Reykjavík.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Haustfundur JHFÍ

Áfram rætt um dagskrá haustfundar JHFÍ 25. nóvember, sem haldinn verður í samvinnu við Iceland School of Energy í Háskólanum í Reykjavík. Vinnuheitið á þema fundarins er *Einföldun regluverks við jarðhitanytingu.*

3. WGC

Heimsping IGA verður næst haldið í Ástralíu 2015 en í desember er óskað eftir að þeir sem hafi áhuga á að hýsa þingið 2020 láti áhuga sinn í ljós við samtökin. Ísland (Samorka og síðar Jarðhitafélagið) sótti um að halda þingin 2010 og 2015. Stjórn Samorku hefur nú samþykkt að styðja íslenska umsókn um að halda hér þingið 2020, hvatt Jarðhitaklasann til að standa að umsókninni og mun veita þeim þann stuðning sem samtökin geta. Stjórn Jarðhitafélagsins er sömuleiðis mjög áhugasöm um að þingið verði haldið hérlandis árið 2020 og samþykkir einnig að beina því til Jarðhitaklasans að standa að slíkri umsókn, enda þar um að ræða vettvang með mjög breiða aðkomu. Félagið mun að sjálfsögðu veita klasanum þann stuðning sem félagið getur, ákveði stjórn klasans að ráðast í þetta verkefni.

4. Nýir félagsmenn

Einn nýr félagsmaður samþykktur í félagið:

- Viktoría Gísladóttir, doktorsnemi í vélaverkfræði við University of California í San Diego.

5. Önnur mál

Engin önnur mál. Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 11. nóvember kl. 15:00, í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundi slitið kl. 16:40. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
